

DEILISKIPULAG HESTAMANNASVÆÐIS Á STJÓRNARSANDI Í SKAFTÁRHREPPI

Greinargerð

30. 11. 2016



Tillaga



LANDMÓTUN.



Fyrir Skaftárhrepp og Hestamannafélagið Kóp

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 30.11.2016



LANDMÓTUN

Margrét Ólafsdóttir
Yngvi Þór Loftsson
Anders Egebjerg Terp

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	FORSENDUR.....	3
2.1	Gróðurfar	3
2.2	Minjar	4
2.3	Veðurfar.....	4
3	DEILISKIPULAG	5
3.1	SAMGÖNGUR OG VEGAKERFI	5
3.2	REIÐSTÍGAR	5
3.3	RÝMIS- OG SKJÓLMYNDUN	5
3.4	KEPPNISSVÆÐI.....	6
3.5	BYGGINGARSKILMÁLAR	7
3.5.1	HESTHÚSABYGGÐ (H).....	7
3.5.2	REIÐHÖLL.....	7
3.6	MÆLIBLÖÐ	8
4	Umhverfisáhrif	8
6	HEIMILDASKRÁ.....	9

1 INNGANGUR

Hér er lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Skaftárhrepp og Hestamannafélagið Kóp. Um er að ræða nýtt hesthúsasvæði á Stjórnarsandi á Kirkjubæjarklaustri. Innan hesthúsahverfisins verður skeiðvöllur og reiðhöll. Eldra keppnissvæði hestamannafélagsins Kóps að Sólvöllum í Efri – Vík hefur verið lagt niður.

Skipulagið er unnið með Skaftárhreppi og Hestamannafélaginu Kóp en félagssvæði þess er allur Skaftárhreppur. Markmið með deiliskipulagi þessu er að byggja upp og skapa góðu aðstöðu til framtíðar fyrir hestamennsku í Skaftárhreppi. Leitast er við að byggðin verði heildstæð og falli vel að umhverfinu.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 þar sem á þéttbýlisuppdrætti fyrir Kirkjubæjarklaustur er skilgreindur er 6,5 ha reitur Ú8 fyrir Hesthúsasvæði á Stjórnarsandi. Allar megin forsendur skipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagið og því var ekki gerð skipulagslýsing. Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.



Mynd 1. Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022, Ú-8 er deiliskipulagssvæðið.

2 FORSENDUR

Skipulagssvæðið er á Stjórnarsandi sem er uppgræddur sandur. Landgræðsla Ríkisins girti og beitafriðaði megnið af Stjórnarsandi í lok áttunda áratugarins. Um nokkurs skeið nýttu bændur í nágrenninu hluta svæðisins til heyskapar og kornræktar en svæðið hefur verið lítið nýtt síðustu ár. Svæðið sem deiliskipulagið nær til hefur um nokkurn tíma verið hugsað sem hesthúsasvæði og hefur verið skilgreint sem slíkt í aðalskipulagi síðan 2002 en svæðið er óbyggt.

2.1 Gróðurfar

Svæðið er mjög flatlent á uppgrónum sandi sem var sáð í og á tímabili nýtt (sjá mynd 2) sem tún en hefur ekki verið nýtt sem slíkt í mörg ár.




Mynd 2. Loftmynd af skipulagssvæðinu (Loftmyndir ehf.)

2.2 Minjar

Þar sem á deiliskipulagssvæðinu var áður fínn foksandi sem vatn hefur víða farið yfir er ólíklegt að á svæðinu hafi verið byggð og þar með minjar á svæðinu. Vísað er á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands“

2.3 Veðurfar

Ríkjandi vindáttir á Stjórnarsandi er norðaustlægar áttir, eins og sjá má á mynd 3, sem er einnig mesta rigningaráttin. Deiliskipulagið leggur áherslu á að mynda skjól fyrir ríkjandi vindáttum.



Mynd 3. Vindatlas frá Stjórnarsandi (Heimild: <http://vindatlas.vedur.is>).

3 DEILISKIPLAG

Deiliskiplagið tekur til nýs hesthúsasvæðis fyrir sex hesthús, keppnissvæðis og reiðhallar. Skipulagssvæðið er um 9 ha.

3.1 SAMGÖNGUR OG VEGAKERFI

Aðkoma að svæðinu er eftir lðjuvöllum og núverandi vegi að sorpurðunarsvæði á Stjórnarsandi með inn- og útkeyrslu að sunnan verðu og útkeyrslu að norðanverðu. Nýir vegir verða lagðir innan skipulagssvæðisins að Reiðhöll, hesthúsum og keppnissvæði.

Bílastæði: Gert er ráð fyrir um 39 bílastæðum við reiðhöll og 24 stæðum við keppnissvæðið. Einnig verða 22 álagsstæði á grasfleti. Austan við hesthúsin er gert ráð fyrir allt að 20 kerrustæðum. Einnig eru allt að 4 stæði við hvert hesthús.

3.2 REIÐSTÍGAR

Sýndir eru reiðstígar sem tengja deiliskiplagssvæðið saman og stígar sem heldur áfram út fyrir svæðið. Breidd reiðstíga á milli húsa og umhverfis hesthúsabyggðina er 4 m. Reiðstígar verði með frostfríu undirlagi og með lausu malarefni á yfirborði. Við hönnun reiðstíga skal taka mið af leiðbeiningarriti Vegagerðarinnar og Landsambands Hestamannafélaga „Reiðvegir-, gerð og uppbygging“.

3.3 RÝMIS- OG SKJÓLMYNDUN

Lögð er áhersla á að skapað verði skjólgott svæði með skjóli frá ríkjandi vindáttum og rýmið verði aðlaðandi. Gert er ráð fyrir mön umhverfis keppnissvæðið en lögð er áhersla á að byggja fyrst upp vestur og norður hluta manar til þess að mynda skjól og setbrekku fyrir áhorfendur. Halli í setbrekkum skal miðast við að vera 1:3 og að það verði stallur á milli bílastæðis og göngustígar, sjá mynd 4. Á skipulagsupprætti er gróður sýndur til skýringar en æskilegt er að plantað og sett upp skjólbelti til þess að mynda skjól.

Áhorfendasvæði: Útbúið verður áhorfendasvæði vestan við skeiðvöllinn. Hæðarmunur frá brekkurótum og í topp eru 2 m. Í brekkunni verður aðstöðuhús.




Mynd 4. Snið í gegnum bílastæði og mæn fyrir áhorfendur við keppnissvæði.

3.4 KEPPNISSVÆÐI

Innan keppnissvæðisins er skilgreindur skeiðvöllur, áhorfendasvæði, aðstöðuhús (P) og dómarahús.

Skeiðvöllurinn verður skv. stöðlum FIPO 2014, sjá mynd 5.



Mynd 5. Hringvöllur, 6 m breiður, skv. stöðlum FIPO 2014.

Á svæðinu er 300 m keppnisbraut.

3.5 BYGGINGARSKILMÁLAR

3.5.1 HESTHÚSABYGGÐ (H)

Skilgreindir eru sex lóðir fyrir hesthús og er einn byggingarreitur innan hvorrar þeirrar fyrir hesthús. Stærð lóða er 1260 m². Byggingarefni húsa, gerð og burðarþol skal vera í samræmi við 8.2 kafla byggingarreglugerðar (112/2012). Utanhússlitaval hesthúsa skal vera samræmt. Leyfilegt er að skipta hesthúsinu niður í tvö hesthús.

Skilmálar

- Hámarksgrunnflötur 180m².
- Hámarks vegghæð er 3,2 m og hámarkshæð í mæni er 5,5m.
- Heimilt er að nýta rými í risi fyrir kaffistofu.
- Ef loft er hallandi er lármarks lofthæð 2,30m við kverk, en annars 2,5m.
- Lágmarkspakhalli er 14°.

Við hvert hesthús skal vera hestagerði girt hestheldri girðingu úr viðurkenndum efnum sem eru nægjanlega sterk til að halda hestum innan girðingar. Stærð gerða er um 580 m² og yfirborðsefni þeirra skal vera malarefni sem drenast vel og hafa nægjanlegum vatnshalla. Hestagerði skulu vera í samræmi við drög að mannvirkjahandbók sem gefin er út af LHÍ sem og reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 160/2006. Frágangur lóða og lóðarmarkna er háður samþykki byggingarnefndar og skal staðsetning hestagerðis taka mið af því.

Önnur mannvirki en hestagerði er óheimilt að reisa á lóð utan byggingarreits, nema þá spónageymslu. Gera skal grein fyrir staðsetning og efnisnotkun á spónageymslu á byggingarnefndarteikningum.

3.5.2 REIÐHÖLL

Á byggingarreit R1 er gert ráð fyrir reiðhöll. Eitt bílastæði skal - vera á hverja 35 m² byggingarmagns, 42 bílastæði.

Skilmálar

- Hámarksstærð 1500 m².
- Hámarkshæð í mæni er 8,2m.
- Lágmarkspakhalli 17°.

3.5.3 AÐSTÖÐUHÚS

Aðstöðuhús upp á mön fyrir ofan áhorfenda brekku.

Hús á 1 hæð með salernum, lítilli verslun og dómara aðstöðu.

- Hámarkstærð 75 m².
- 1 hæð

3.5.4 DÓMARAHÚS

Lítill hús sem er ætluð fyrir dómara, með stórum gluggum sem snúa að skeiðvelli.

- Hámarkstærð 15 m².
- 1 hæð
- Tréhús.

3.6 MÆLIBLÖÐ

Á mæliblöðum skal sýna stærðir

4 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagssvæðið er á uppgrónum foksandi á flatlendi í 60 – 150 m fjarlægð frá Skaftá og rúmum 150 m frá urðunarsvæði, innan skilgreinst þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri. Aðkoma er frá núverandi vegi að sorpförgunarsvæði. Mænishæð reiðhallar er allt að 8,2m, hestúsa 3,2m og jarðvegsmanir til afmörkunar á skeiðvelli er 2m og því eru sjónræn áhrif lítil og umhverfisáhrif skipulagsins óveruleg vegna fjarlægðar frá byggð eru lyktaráhrif óveruleg. Jákvæð áhrif á samfélagið og heilsu og öryggi að fá gott svæði fyrir hestamannafélagið þar sem boðið upp á nýtt og öruggt hesthúsasvæði en eldra svæði er innan flóðasvæðis Skaftár. Stjórnarsandur er sandur sem hefur verið græddur upp af mannavöldum og er jákvætt að það landsvæði fái nýtt landnotkunarlutverk.

6 HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.

FIPO 2014, Rules for Icelandic Horse Sport Events. Valid as of April 1, 2014.

<http://www.feiffengur.com/documents/fipo2014.pdf>

Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 160/2006